

Opnað fyrir umsóknir um styrki vegna óstaðbundinna starfa

Um framlögin

Ríkisstjórnin og Alþingi hafa markað þá stefnu að til að styðja við byggðaþróun og valfrelsi í búsetu verði störf hjá ríkinu ekki staðbundin nema eðli starfsins krefjist þess sérstaklega. Aðgerð B.7 á byggðaaáætlun, *Óstaðbundin störf*, er ætlað að stuðla að framfylgd þessarar stefnu. Aðgerðin er byggðaaðgerð og markmið hennar er að búsetufrelsi verði eftt með fjölgun atvinnutækifæra og auknum fjölbreytileika starfa á landsbyggðinni. Aðgerðinni er ætlað hækka hlutfall stöðugilda á vegum ríkisins á landsbyggðinni og styrkja þannig búsetu í byggðum landsins. Aðgerðin felur því ekki í sér flutning starfa út fyrir landsteinana, né heldur flutning starfa af landsbyggð á höfuðborgarsvæði.

Innviðaráðherra hefur ákveðið að veita allt að 150 milljónum króna af byggðaaáætlun í framlög til ríkisstofnana á höfuðborgarsvæðinu til að fjölga óstaðbundnum störfum á vegum þeirra á landsbyggðinni og til að efla vinnustaðaklasa. Hægt er að sækja um styrki vegna starfa sem ráðið verður í utan höfuðborgarsvæðisins eða verða færð frá höfuðborgarsvæðinu frá og með 1. nóvember 2024.

Til styrkhæfra óstaðbundinna starfa teljast störf hjá ríkisstofnunum á höfuðborgarsvæðinu sem staðsett verða utan þess svæðisins. Ekki verða veittir styrkir vegna tímabundinnar fjarvinnu eða blendingstarfs, þ.e. starf sem unnið er bæði utan og innan höfuðborgarsvæðisins.

Veitt verða framlög vegna:

- Ferðakostnaðar vegna viðveru í höfuðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu**
Við úrvinnslu er litið til upplýsinga um áætlaðan fjölda ferða og hvar starfsmaðurinn er staðsettur.
- Kostnaðar vegna leigu á starfsaðstöðu í vinnustaðaklasa**
Hámarksstyrkur er kr. 600.000 á ári. Ekki er greidd leiga fyrir starfsaðstöðu á heimili starfsfólks.

Heimilt er að veita styrki til allt að þriggja ára, með fyrirvara um fjárheimildir fjárlaga. Árleg hámarksfjárhæð vegna hvers starfs er tvær milljónir króna.

Styrkhæfir aðilar

Ríkisstofnanir sem staðsettar eru á höfuðborgarsvæðinu geta sótt um þá styrki sem hér eru auglýstir.

Atriði sem þurfa að koma fram í umsókn

Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um hvar aðsetur starfsmanns verður, kostnaðaráætlun vegna viðveru í höfuðstöðvum og leigu á aðstöðu. Skilgreina þarf í upphafi hvernig fyrirkomulagi ferða starfsmanns í höfuðstöðvar eða á milli starfsstöðva verður háttáð með tilliti til kostnaðar og tíðni.

Gögn sem þarf að fylgja umsókn:

- Leigusamningur vegna starfsaðstöðu (eða drög að honum, þarf að vera undirritaður áður en samningur um styrk er frágenginn).
- Yfirlýsing stofnunar um ráðningu starfsmanns í óstaðbundið starf.

Einungis umsóknir sem uppfylla skilyrði auglýsingar og úthlutunarskilmála verða teknar til greina.

Rafrænt umsóknareyðublað má nálgast [hér](#).

Opið er fyrir umsóknir frá og með 1. nóvember 2024. Áætlaður afgreiðslutími umsókna er 15 virkir dagar.

Byggðastofnun annast fyrir hönd innviðaráðherra samningsgerð við styrkþega og umsýslu með greiðslum. Árangur verður metinn fyrir árslok 2025.

Nánari upplýsingar veita Sigríður Elín Þórðardóttir, forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar, sigridur@byggdastofnun.is og Sigurður Árnason, sérfræðingur á þróunarsviði, sigurdur@byggdastofnun.is.